

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2020/2000

2002/EES/23/19

frá 25. september 2000

um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 207/93 um skilgreiningu á innihaldi VI. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 og breytingu á C-hluta VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og ábendingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum(*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1437/2000 ⁽²⁾, einkum 7. og 8. mgr. 5. gr. og 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 207/93 ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 345/97 ⁽⁴⁾, var innihald VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 skilgreint og mælt fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd ákvæða 4. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar.
- 2) Nauðsynlegt er að endurskoða nákvæmar reglur sem gilda um tilhögun bráðabirgðaleyfa aðildarríkjanna samkvæmt b-lið 3. mgr. 5. gr. og b-lið 5. mgr. a í 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, sem mælt var fyrir um í 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 207/93, með tilliti til tiltekinna vandkvæða sem nú hafa komið upp í aðildarríkjunum.
- 3) Fram hefur komið að framboð innan bandalagsins á tilteknum afurðum í C-hluta VI. viðauka, sem eru framleiddar á lífrænan hátt, er nægilegt. Því ber að fella þessar afurðir brott úr C-hluta VI. viðauka.
- 4) Veita ber umþóttunartíma fyrir tilteknar hefðbundnar afurðir sem hafa verið afturkallaðar svo að nýta megi fyrirbyggjandi vörubirgðir og greinin geti lagað sig að nýjum kröfum.
- 5) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi texti komi í stað 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 207/93:

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 241, 26.9.2000, bls. 39, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2001 frá 28. september 2001 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og votun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 60, 6.12.2001, bls. 18.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 161, 1.7.2000, bls. 62.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 25, 2.2.1993, bls. 5.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 58, 27.2.1997, bls. 38.

„3. gr.:

1. Heimilt er nota innihaldsefni úr landbúnaði samkvæmt undantekningarákvæðinu, sem kveðið er á um í b-lið 3. mgr. og b-lið 5. mgr. a í 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, með eftirfarandi skilyrðum, að því tilskildu að viðkomandi innihaldsefni hafi ekki verið talið með í C-þætti VI. viðauka við hana:

- a) að atvinnurekandinn hafi framvísað umbeðnum gögnum til lögbærs yfirvalds í viðkomandi aðildarríki þar sem sýnt er fram á að viðkomandi innihaldsefni sé í samræmi við ákvæði 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91; og
- b) að lögbæra yfirvaldið í aðildarríkinu hafi, í samræmi við kröfurnar í 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, heimilað til bráðabirgða notkun innihaldsefnisins í hæsta lagi þrjá mánuði eftir að hafa gengið úr skugga um að atvinnurekandinn hafi af nauðsyn haft samband við aðra birgja í bandalaginu til þess að fullvissa sig um að innihaldsefni með nauðsynlega eiginleika séu ófáanleg. Aðildarríkinu er heimilt að framlengja þetta leyfi í hæsta lagi þrisvar sinnum í sjö mánuði í senn, samanber þó ákvæði 6. mgr.
- c) að engin ákvörðun hafi verið tekin, í samræmi við ákvæði 4. eða 6. mgr., um að leyfi fyrir viðkomandi innihaldsefni skuli afturkallað.

2. Hafi leyfi, eins og um getur í 1. mgr., verið veitt skal viðkomandi aðildarríki án tafar veita hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni upplýsingar um eftirfarandi:

- a) dagsetningu leyfisins og, ef um er að ræða framlengingu á leyfi, dagsetningu fyrsta leyfisins,
- b) nafn, pósthfang, símanúmer og, ef við á, ritsímanúmer og netfang leyfishafa; nafn og pósthfang tengiaðila við yfirvaldið sem veitti leyfið,
- c) heiti viðkomandi innihaldsefnis úr landbúnaði og, ef nauðsyn krefur, nákvæm lýsing á því og gæðakröfur sem það þarf að uppfylla,
- d) í hvaða vörum innihaldsefnisins er krafist,
- e) nauðsynlegt magn og rök fyrir því,
- f) ástæður fyrir skortinum og hve lengi er búist við að hann vari,
- g) hvaða dag aðildarríkið sendir hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni þessa tilkynningu.

Framkvæmdastjórninni og/eda aðildarríkjunum er heimilt að veita almenningi þessar upplýsingar.

3. Leggi aðildarríki athugasemdir fyrir framkvæmdastjórnina eða aðildarríkið sem veitti leyfið, þar sem fram kemur að nægar birgðir af viðkomandi innihaldsefni fyrirfinnist í bandalaginu meðan skortur er talinn vara, skal aðildarríkið íhuga hvort afturkalla beri leyfið eða stytta fyrirhugaðan gildistíma þess og tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um þær ráðstafanir, sem það hefur gripið til eða hyggst gripa til, eigi síðar en 15 dögum eftir að upplýsingarnar bárust.

4. Að beiðni aðildarríkis eða að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar skal málið sent nefndinni, sem um getur í 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, til meðferðar. Heimilt er að ákveða í samræmi við málsmeðferðina í 14. gr. að leyfið verði afturkallað eða gildistímanum breytt eða, þar sem við á, að viðkomandi innihaldsefni verði tekið upp í C-hluta VI. viðauka.

5. Þegar um er að ræða framlengingu eins og um getur í b-lið 1. mgr. gildir málsmeðferðin í 2. og 3. mgr.

6. Vilji aðildarríki tryggja að nota megi áfram innihaldsefni í hefðbundinni framleiðslu eftir þriðju framlengingu leyfisins sem um getur í b-lið 1. gr. skal það leggja fram, ásamt tilkynningunni um þriðju framlengingu leyfis, beiðni um að innihaldsefnið verði skráð í C-hluta VI. viðauka. Svo lengi sem engin

ákvörðun hefur gengið í gildi varðandi málsmeðferðina, sem um getur í 14. gr., um skráningu innihaldsefnisins í C-hluta VI. viðauka eða um afturköllun leyfisins er aðildarríkinu heimilt að framlengja leyfið um sjö mánaða tímabil í senn, að teknu fullu tilliti til skilyrða 1., 2. og 3. mgr.“

2. gr.

Viðaukinn við þessa reglugerð kemur í stað C-hluta VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91.

3. gr.

Heimilt er að nota eftirfarandi ræktunaraforðir með sömu skilyrðum og þær afurðir, sem eru tilgreindar í C-hluta VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91, í sex mánuði eftir gildistöku þessarar reglugerðar:

Indiúkirsiber (*acerola*) (*Malphigia puniceifolia*), kasúhnetur (*Anacardium occidentale*), geitasmári (grikkjasmári) (*Trigonella foenum-graecum*), papæjaldin (*Carica papaya*), furuhnetur (*Pinus pinea*), allrahanda (*Pimenta dioica*), kardimomma (*Fructus cardamomi (minoris)*) (*malabariensis*) (*Elettaria cardamomum*), kanill (*Cinnamomum zeylanicum*), negull (*Syzygium aromaticum*), engifer (*Zingiber officinale*), karrý úr kóríandra (*Coriandrum sativum*), sinnep (*Sinapis alba*), fennika (*Foeniculum vulgare*), engifer (*Zingiber officinale*), sem og fituefni og oliur, hreinsuð eða óhreinsuð, en sem hefur ekki verið efnafræðilega umbreytt, úr pálma, repju, litunarpistli, sesamjurt og sojabaunum.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. september 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

„C-HLUTI. INNIHALDSEFNI ÚR LANDBÚNAÐI SEM ERU EKKI FRAMLEIDD MEÐ LÍFRÆNNI AÐFERÐ OG UM GETUR Í 4. MGR. 5. GR. REGLUGERÐAR (EBE) NR. 2092/91

- C.1. Óunnar afurðir úr jurtaríkinu sem og afurðir fengnar úr þeim með vinnsluáðferðum sem um getur í skilgreiningu í a-lið 2. mgr. í inngangi þessa viðauka:
- C.1.1. Ætíró ávextir, hnetur og fræ:
- | | |
|-------------------|--------------------------|
| akörn | <i>Quercus spp.</i> |
| kólahnetur | <i>Cola acuminata</i> |
| stíkilsber | <i>Ribes uva-crispa</i> |
| píslaraldín | <i>Passiflora edulis</i> |
| hindber (þurrkuð) | <i>Rubus idaeus</i> |
| rífber (þurrkuð) | <i>Ribes rubrum</i> |
- C.1.2. Ætt krydd og kryddjurtir:
- | | |
|----------------------|--|
| múskat | <i>Myristica fragrans</i> , eingöngu fram til 31.12.2000 |
| grænn pipar | <i>Piper nigrum</i> , eingöngu fram til 30.4.2001 |
| rósapipar (frá Perú) | <i>Schinus molle</i> L. |
| piparrótarfræ | <i>Armoracia rusticana</i> |
| dverggjalangal | <i>Alpinia officinarum</i> |
| blóm litunarþistils | <i>Carthamus tinctorius</i> |
| brunnperla | <i>Nasturtium officinale</i> |
- C.1.3. Ýmislegt:
- þörungur, þar með talið þang og þari, heimilaðir í hefðbundinni matvælaframleiðslu
- C.2. Afurðir úr jurtaríkinu, unnar með aðferðum sem um getur í skilgreiningu í b-lið 2. mgr. í inngangi þessa viðauka
- C.2.1. Fituefni og olíur, hreinsaðar eða óhreinsaðar, en ekki efnafræðilega umbreyttar, úr öðrum plöntum en:
- | | |
|---------------|-----------------------------|
| kakótré | <i>Theobroma cacao</i> |
| kókospálma | <i>Cocos nucifera</i> |
| ólífutré | <i>Olea europaea</i> |
| sólffli | <i>Helianthus annuus</i> |
| pálma | <i>Elaeis guineensis</i> |
| repju | <i>Brassica napus, rapa</i> |
| litunarþistli | <i>Carthamus tinctorius</i> |
| sesamjurt | <i>Sesamum indicum</i> |
| sojabaunum | <i>Glycine max</i> |
- C.2.2. Eftirtaldir sykrur, sterkjuafurðir og aðrar afurðir úr korni og hnýðum:
- rófusykur, eingöngu fram til 1.4.2003
- frúktósi
- hrispappír
- þunnt ósýrt brauð
- pappír
- sterkja úr hrísgrjónum og amýlópektínríkum maís (vaxmaís) sem hefur ekki verið efnafræðilega umbreytt
- C.2.3. Ýmislegt:
- | | |
|--------------------|--|
| kóriandri, reyktur | <i>Coriandrum sativum</i> , eingöngu fram til 31.12.2000 |
| ertuprótn | <i>Pisum spp.</i> |
- romm: eingöngu bruggað úr sykurreyrssafa
- kirsch-likjör, að stofni til úr ávöxtum og bragðefnum eins og um getur í hluta A.2 í þessum viðauka
- blöndur ræktunarafurða sem eru heimilaðar í hefðbundinni matvælaframleiðslu og notaðar til að ljá sælgæti lit og bragð, eingöngu til framleiðslu á bangsahlaupi, eingöngu fram til 30.9.2000, og
- blöndur eftirtalinnna pipartegunda: *Piper nigrum*, *Schinus molle* og *Schinus terebinthifolium*, eingöngu fram til 31.12.2000

C.3. Dýraafurðir:

vatnalífverur, aðrar en eldislífverur, sem eru heimilaðar í hefðbundinni matvælaframleiðslu

áfaduft	eingöngu fram til 31.8.2001
gelatín	
hunang	eingöngu fram til 28.2.2001
laktósi	eingöngu fram til 31.8.2001
mysuduft („ <i>herasuola</i> “)	
